

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Árni Helgason

Niðurstöður rafveiða í Hofsá og Sunnudalsá
í Vopnafirði árið 1982.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

21.12.1982

VAUST / 8206

Árni H. Helgason

INNGANGUR.

Dagana 14 - 16 ágúst 1982 var gerð seiðakönnun í Hofsa og Sunnudalsá í Vopnafirði. Samskonar athuganir voru gerðar á sama tíma í Selá og Vesturdalsá, en þetta er liður í árlegum rannsóknum Veiðimálastofnunar á laxi í Vopnafjarðar-ám sem staðið hafa síðan 1979.

Hofsa mun vera vatnsmest af ám sem falla í Vopnafjörð. Hún á upptök sín undir Möðrudalsfjallgördum, í Tunguheiði og á Jökuldalsheiði (sjá kort hér að aftan) og er leiðin 60-70 km til ósa. Um átta km. ofan við ós rennur Sunnudalsá í Hofsa. Sunnudalsá er talsvert vatnsfall sem á upptök sín í Smjörvatnsheiði og Sandfelli.

Hofsa er greiðfar fiski um 30 km frá ósum að fossi innan við Tungusel. Hún rennur víðast á smágrýttum/grýttum botni með malarköflum í bland.

Skilyrði fyrir laxaseiði teljast góð hvað snertir botngerð og straum bæði fyrir ofan og neðan foss.

ATHUGANIR og AÐFERÐIR.

Í Hofsa var rafveitt á 3 stöðvum á físgenga hluta árinna og 1 stöð ofan við foss. Í Sunnudalsá var rafveitt á 1 stöð. (Stöðvar eru merktar á kort hér að aftan).

Öll laxa-og silungsseiði sem veiddust voru lengdarmæld og sýnishorn af kvörnum og hreistri safnað til aldursákvæðana. Átlunin var að kanna árangur af sleppingu sumaralínna seiða á ófiskgenga hlutann sumarið 1981. Vegna bilunar í rafveiðitæki reyndist ekki mögulegt að gera það sem skyldi, en ákveðnar vísbendingar fengust um árangurinn.

NIÐURSTÖÐUR.

Niðurstöður rafveiða eru sýndar á mynd 1 og í töflu 1. Niðurstöður úr Rafveiðum í Hofsa eru í megindrátum þar sömu og fengust í hinum Vopnafjarðaránum. Styrkur einstakra árganga er misjafn, en víðast er seiðapéttleiki lægri en undanfarin ár. Styrkleiki árganga (metinn af péttleika á flatareiningu) er í samræmi við hitafar klakvorið og er árgangurinn frá 1980 áberandi styrkastur og einnig frá 1978, en þau seiði eru að ganga úr ánni nú. Árgangurinn frá klaki 1979 er mjög veikur eins og áður hefur komið fram. Klak frá í fyrra (þ.e. 1981) virðist vera hlutfallslega veikt. Enginn vorgömul seiði fengust í rafveiðum.

Á sleppistað við Brunahvamm fengust 3 laxaseiði; 12.9, 12.2 og 9.7 cm á lengd. Öll þessi seiði reyndust vera úr sleppingu sumaralinna seiða frá 1981.

ÁLYKTANIR og UMRÆÐUR

Eins og fyrr segir er samsvörun milli hlutfallslegs styrkleika árganga og hitafars klakvorið. Það er líklega afgerandi um hversu mikil afföll verða á klaki hvernig hitafar er um vor. Er þar bæði, að hugsanlega klekst minna út af hrognum í köldu ári og einnig að klak er síðar á ferð, og seiðin þarafleiðandi ver undir fyrsta veturinn búinn vegna stutts vaxtartíma og má vera að það valdi meiri afföllum um veturinn. Ekki liggur fyrir hvaða péttleiki seiða er eðlilegur í ám í Vopnafirði (þ.e.a.s. hvaða seiðapéttleiki skilar hámarksframleiðslu), en það er ljóst, að óhagstætt árferði ár eftir ár getur valdið því, að lægð kemur í náttúrulega seiðaframleiðslu (samanber 1979 árgang) og getur haft áhrif á laxgengd ef köld vor eru þétt saman.

Árgangurinn frá 1980 er sterkastur af þeim árgöngum sem nú er í ánni auk 1978 árgangsins, en hann er að hluta til genginn í sjó og ætti að mestu að fara niður næsta vor. Það virðist þó vera óvenju mikið af stórum seiðum í ánni í ágúst þegar rafveiðar áttu sér stað, seiði sem sennilega hafa þó verið komin í göngustærð haustið á undan. Það er athyglisvert, að á stöð 4 (við Tungusel) fengust 6 seiði í göngubúning eða silfrud. Af því má álykta, að seiði gangi hugsanlega mun seinna til sjávar á þessum landshluta heldur en áður hefur verið talið eða að haustgöngur eigi sér stað, en það er fyrirbæri sem er staðfest á Bretlandseyjum. Frekari athuganir þarf að gera á göngutíma seiða á Norður og Austurlandi. Árgangurinn frá 1979 verður lítið vart eins og undanfarin ár og er það vafalítið afleiðing af einstaklega köldu vori 1979. Seiðaárgangurinn úr klaki 1981 er hlutfallslega veikur samanborið við 1980, en um klak frá því um vorið ¹⁹⁸² er ekkert hægt að segja að svo stöddu þar sem seiði voru ekki kominn úr mölinni þegar rafveiðar fóru fram. Vorið 1982 var fremur kalt og árnar hlýnuðu seint, má því ætla að sá árgangur verði veikur og kemur þar einnig til óvenjulítil laxgengd í ána 1981 og af þeim sökum hefur verið mun minna um hrygningarfisk í ánni að veiðitíma loknum.

Ef við skoðum þessa mynd í samhengi, þá mun 1978 árgangurinn skila sér í veiði á næstu 3 árum. Sterki árgangurinn frá 1980 kemur hinsvegar fram í veiði á árunum 1985-1987. Þessir 2 árgangar munu sennilega vera uppistaðan í afla næstu ára, ef ekkert óvenjulegt hendir.


Því miður eru niðurstöður úr rafveiðum við Brunahvamm litlar eins og fyrr greinir. Þó bendir allt til þess, að vöxtur sé mjög góður og s sleppiseiði ná göngustærð á 2 sumrum í ánni.

Ekki er ljóst kversu mikið svæði er á ófiskgenga hlutanum, sem má nýta fyrir uppeldi á laxaseiðum. Þó er víst að það er verulegt. Ef þessi hluti árinna væri nýttur hvort heldur væri með sleppingu smáseiða, flutningi á hrygningafiski upp fyrir gönguhindranir eða með því að opna fiski gönguleið, þá er ljóst, að framleiðsla árinna á laxi má auka verulega. Ef efri hlutinn er nýttur án þess að greiðfær gönguleið sé fyrir lax upp þá verður að hafa það í huga að það er nauðsynlegt að uppskera alla aukningu sem verður í laxgöngum af þeim sökum, til að auka ekki ásetning á neðri hluta árinna umfram burðargetu, en það gerist ef fjöldi hrygna, sem hrygnir í ánni eykst verulega.

Við sleppingu sumaralinna seiða hefur komið í ljós við rannsóknir í Hrótafjarðará, að bestur árangur fæst með því að sleppa um 50 sumaröldum seiðum á hverja 100 m². Meiri þéttleiki leiðir af sér aukin afföll, lélegri vöxt og minni afrakstur. Það má ætla að svipaður þéttleiki henti einnig í Hofsa.

Engin seiði fengust eins^{og} fyrr greinir á rafveiðistað í Sunnudalsá, en stöðin er ofan við foss, sem er gönguhindrun fyrir lax. Það mun hafa verið sleppt laxaseiðum á þennan kafla 1979. Þau seiði koma fram í rafveiðum 1980 og 1981, en eru nú gengin í sjó.


Veiðimálastofnun á Egilsstöðum


Arni Helgason.


Refsá í Vatnafirði Mynd 1.
 Blöðurstöður rafveiða árið 1982.

Blak: 1978 1979 1980 1981 1982


Stöð 1. Við Hof. 444m², 1 yfirferð




Stöð 2. Við Burstafell. 420m², 2 yf.




Stöð 3. Tunguselshylur 672m², 1yf.



Stöð 4. Við Tungusel. 260m², 1yf.



Allar stöðvar. 1796 m²



Hofsá í Vopnafirði Tafla 1

Niðurstöður úr rafveiðum.

Laxaseiði

Stöð	Svæði m ²	Aldur	Áætlaður fjöldi á 100 m ²	Meðallengd í cm.
1. Innan við Hof 1 yfirf.	444	0	-	-
		1	6.0	5.9
		2	3.9	8.6
		3	1	(10.2)
		4	1	(11.7)
		5	-	-
2. Við Bursta- fell 2 yfirf.	420	0	-	-
		1	8.6	6.2
		2	24.3	8.8
		3	1.0	(10.2)
		4	2.9	11.4
		5	1	(13.3)
3. Neðan við Tunguselshyl 1 yfirf.	670	0	-	-
		1	1.0	(6.2)
		2	2.2	8.8
		3	-	-
		4	1.8	11.2
		5	-	-
4. Við Tungusel 1 yfirf	260	0	(1)	(3.4)
		1	-	-
		2	5.8	9.2
		3	1.0	(10.2)
		4	5.4	12.9
Sunnudalsá við Borgir		Ekkert seiði fékkst		

() stök gildi


Þar sem aðeins er farin ein veiðiyfirferð, er veiðni áætluð 30% fyrir 1.árs, 40% fyrir 2. og 3. ára og 50% fyrir eldri.

BRU

STÖÐ

Eyðibýli

gljúfur



HOFSÁ Í VOPNAFIRÐI
VATNASVÆÐI

ÁHH/07.01.83